

Yfirlit frjómælinga á Akureyri sumarið 2021

Á Akureyri hófust frjómælingar 15. mars og stóðu til 30. september, samtals í 200 daga. Mælingar gengu vel allt tímabilið.

Frjókorn mældust frá 22 frjó- og gróhópum (1. tafla). Heildarfjöldi frjókorna var 4.816 frjó/m³ sem er töluvert meira en mælst hefur að meðaltali á Akureyri (2. tafla). Af þeim voru 3.062 grasfrjó (64%), 892 birkifrjó (19%), 16 asparfrjó (<1%) og 51 súrufrjó (1%). Frjókorn ýmissa tegunda sem jafnan ber lítið á voru 650 (13,5%). Þar af voru furu/grenifrjó 201 (4%). Langalgengast var að hver hópur væri um eða undir 1%.

1. tafla. Frjó- og grógerðir á Akureyri sumarið 2021, raðað eftir fjölda.

Frjó- eða grógerð	Latneskt heiti	Fjöldi frjók./m ³
Gras	Poaceae	3062
Birki	<i>Betula</i>	892
Fura/Greni	<i>Pinaceae</i>	201
Víðir	<i>Salix</i>	155
Lyng	<i>Ericales</i>	63
Túnsúra o.fl.	Rumex	51
Stör	Carex	44
Sveipjurtaett	Umbelliferae	38
Elfting	Equisetum	23
Rósaett	<i>Rosaceae</i>	22
Yllir	<i>Sambucus</i>	19
Einir	<i>Juniperus</i>	19
Ösp	<i>Populus</i>	16
Netla	<i>Urtica</i>	15
Beitilyng	<i>Calluna</i>	11
Fifill	Compositae Cichorideae	10
Elri (ölur)	<i>Alnus</i>	9
Kattartunga o.fl.	<i>Plantago</i>	5
Mjadjurt	<i>Filipendula</i>	2
Belgjurtir	<i>Leguminosae</i>	4
Maðra	<i>Galium</i>	3
Brjóstagras	<i>Thalictrum</i>	2
Óþekkt/ógreind	incognito	145

Fyrsta elrifrjókornið kom í gildruna 15. mars og voru þau algengust í mánuðinum, alls 7 frjó/m³. Í apríl voru lyng- og víðifrjó algengust.


Asparfrjó voru óvenju fá í ár og mældust stopult í maí, flest þann 14. maí, 5 frjó/m³.

Birkifrjó mældust langt yfir meðallagi. Heildarfjöldinn fór í 892 frjó/m³ en meðaltal árána 1998–2020 er 668 frjó/m³. Þau mældust nær samfelld í lofti frá 25. maí til 26. júní. Hámark birkifrjóa var 4. júní (243 frjó/m³).

Grasfrjó hafa tvisvar áður mælst fleiri síðan 1998. Heildarfjöldi var 3.062 frjó/m³ en meðaltal árána 1998–2020 er 1.808 frjó/m³. Fyrsta grasfrjóðið mældist 26. maí en frá 20. júní voru þau nær sleitulaust í lofti til 6. september. Júlí var aðal frjótími grasa eða 1.748 frjó/m³. Í júní mældust 152 frjó/m³, 1.117 frjó/m³ í ágúst og 41 frjó/m³ í september. Laugardaginn 31. júlí voru flest grasfrjókorn í lofti eða 372 frjó/m³. Frjótalan fór níu sinnum yfir 100 og átta sinnum yfir 50.

Súrufrjó mældust fyrst 14. júní og var heildartala þeirra 51 frjó/m³. Frjótalan fór hæst í 12 frjó/m³ þann 7. júlí. Meðaltal súrufrjóa fyrir árin 1998–2020 er 66 frjó/m³.





1. mynd. Heildarfrjómagng og skipting í helstu frjógerðir á Akureyri 1998–2021.

Sumarið 2021 á Akureyri var vel yfir meðallagi hvað heildarfrjómagng varðar. Vormánuðina apríl og maí mældust frjókorn undir meðaltali en þegar leið á sumarið fjölgaði frjókornum og frjótala fór vel yfir meðaltal (2. tafla). Frjóríkasti mánuður sumarsins var júlí með 1.948 frjó/m³ lofts en apríl reyndist sá rýrasti, fyrir utan mars, með 42 frjó/m³.

Hæsta samanlögð frjótala mældist 31. júlí (376 frjó/m³) en þann dag voru grasfrjó í hámarki. Frjókorn voru í lofti alla daga frá 23. apríl til 6. september, nema þriðja. Að meðaltali voru 24 frjókorn í hverjum rúmmetra andrúmslofts á Akureyri og er það heldur meira en í meðalári (20 frjó/m³).

Samkvæmt yfirlitum Veðurstofu Íslands var sumarið á Akureyri það fjórða sólríkasta og eitt það hlýjasta frá upphafi mælinga á Akureyri. Sumarið var þurrt framan af og september mjög úrkomusamur, þannig að heildarúrkoma sumarsins var í meðallagi.

2. tafla. Fjöldi frjókorna á Akureyri sumarið 2021 og meðaltal áráanna 1998–2020.

Mánuður	2021	Meðaltal
Mars	13	3
Apríl	42	63
Maí	248	510
Júní	1.322	695
Júlí	1.948	898
Ágúst	1.182	967
September	61	174
Samtals	4.816	3.308

Í október 2021, Ellý Guðjohnsen

